


elleikari

landið

við
om-
ika
ast-
örg
om-
kur
kl-
ón-
ist-

arháskólann í París þar sem frægasti kennari hans var án efa Messiaen. Samhliða tónlistarnáminu lauk hann námi í lögfræði.


Hann hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir orgelleik sinn. Hann starfar nú sem prófessor við tónlistarháskólann í Lyon þar sem hann er starfsbróðir Eddu Erlendsdóttur pianóleikara. Mallié er einnig orgelleikari við kirkju heilags Péturs í Neuilly.

Galleríið Undir pilsfaldinum

Á morgun opnar myndlistarfólkið Kristín María Ingimarsdóttir og Jóhannes Eyfjörð sameiginlega sýningu. Þar munu þau sýna bæði málverk og skúlptúra.

Er þessi sýning í galleríinu sem gengur undir því sérkennilega nafni Undir pilsfaldinum og er á Vesturgötu 3b.

Sýningin mun verða opin daglega frá kl. 15–21. Stendur hún til 7. september næstkomandi.



Málverk Kristínar Maríu.

Fyrsta einkasýning í borginni

Sigríður Gyða Sigurðardóttir opnar á morgun, 27. ágúst, sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík. Áður hefur hún haldið fjölda einkasýninga í Þrastarlundi á undanförnum árum. Einnig hefur hún þrívegis tekið þátt í haustsýningu FÍM.

Sigríður Gyða lærði í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1961–62 og í Myndlistarskóla Reykjavíkur 1972–78. Á sýningunni, sem verður opnuð kl. 14, eru 30 verk unnin með vatnslitum, akrýl og olíu. Hún stendur til 11. september, alla daga frá kl. 14–22. -gh



Sigríður Gyða við eitt verka sinna. DV-mynd JAK

Stóru-Vogaskóli
Vogum Vatnsleysustrandarhreppi

Vantar vegna forfalla grunnskólakennara til almennrar kennslu næsta vetur.

Auk þess vantar handmenntakennara (hannyrðir) í hálfa stöðu.

Stóru-Vogaskóli er 35 km frá Reykjavík með 150 nemendum.

Upplýsingar gefa Hreiðar Guðmundsson í síma 92-46520 og Bergsveinn Auðunsson skólastjóri í síma 92-46600 og 92-46655.

DV

Smáauglýsing í Helgarblað þarf að berast fyrir kl. 17 föstudag!!!

27022

Menntaskólinn við Hamrahlíð
Öldungadeild

Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð er fyrsta öldungadeild við framhaldsskóla hérlendis, stofnuð 1972. Frá upphafi hafa þúsundir manna og kvenna stundað þar nám og nokkur hundruð lokið stúdentsprófi.

Nútímaþjóðfélag gerir kröfur um menntun. Auk þess hefur menntun gildi í sjálfri sér.

Langar þig að rifja upp, bæta við eða hefja nýtt nám?

Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð býður framhaldsskólanám á 6 brautum: eðlisfræðibraut, náttúrufræðibraut, nýmálabraut, fornmálabraut, félagsfræðabraut (hún skiptist í fjölmiðlalínu, sálfræðilínu og félagsfræðalínu) og tónlistarbraut.

Vel menntað og þjálfað kennaralið tryggir gæði kennslunnar.

Hægt er að stunda nám í mörgum eða fáum námsgreinum. Á haustönn 1988 býður skólinn eftirtaldar greinar:

Tungumál:	Raungreinar:	Samfélagsgreinar:
Danska	Stærðfræði	Félagsfræði
Enska	Eðlisfræði	Þjóðhagfræði
Franska	Efnafræði	Bókfærsla
Ítalska	Jarðfræði	Listasaga
Spænska	Líffræði	Lögfræði
Þýska		Stjórnmálafræði
		Heimspeki
		Saga

Auk þessa er boðið upp á nám í tölvufræðum, bæði **grunnnám og forritun.** Notaðar eru tölvur af PC- og BBC-gerðum. Boðið er fjölbreytt nám í íslensku, bæði **ritþjálfun, bókmenntir og málfræði.** Einnig eru myndlist og leiklist kenndar við öldungadeildina.

Innritun og val í öldungadeild MH fer fram á skrifstofu skólans frá 9.00–16.00, dagana 29. ágúst til 2. sept. Skólagjald er aðeins 7.400 krónur, óháð fjölda námsgreina sem þið leggið stund á.

ferð. Stansað 3–4 klst. í Mörkinni. Berjatínsla. Verð 1.200 kr.

Kl. 9 Línuvegurinn – Hlöðufell. Ekið um Línuveginn norðan Skjaldbreiðar á Hlöðuvelli og gengið þaðan á fellið. Verð 1.300 kr.

Kl. 13 strandganga í landnámi Ingólfs, 20. ferð, Herdísarvík – Strandarkirkja. Skemmtileg gönguleið um greiðfæra hraun- og sandströnd. Strandarkirkja skoðuð. Verð 900 kr., frítt f. börn m. fullorðnum. Missið ekki af strandgöngunni. Lokatakmarkið nálgast. Brottför frá BSÍ, bensínsölu.

FÍ

Ferðafélag Íslands

Helgarferðir 26.–28. ágúst

1. Óvissuferð. Áhugaverð ferð fyrir þá sem hafa gaman af að ferðast. Gist í húsum.

2. Þórsmörk. Gist í Skagfjörðsskála/Langadal. Gönguferðir um Mörkina.

3. Landmannalaugar – Eldgjá. Gist í sæluhúsi Ferðafélagsins í Laugum. Ekið í Eldgjá og gengið að Ófærufossi. Brottför í ferðirnar kl. 20 föstudag. Uppl. og farmiðasala á skrifstofu félagsins, Öldugötu 3.

Dagsferðir sunnudaginn 28. ágúst.

1. kl. 8 Þórsmörk. Dagsferð. Verð kr. 1.200.

2. kl. 10 Síldarmannagötur – gömul þjóðleið. Gengið frá Hvalfirði upp Síldarmannabrekkur, yfir Botnsheiði í Skorradal. Skemmtileg þjóðleið milli byggða í Hvalfirði og Skorradal en í lengra lagi. Verð kr. 1.200.

3. kl. 10 sveppa- og berjaferð í Skorradal – Uxahryggir. Til baka verður ekið um Uxahryggi og Þingvelli til Reykjavíkur. Verð kr. 1.200.

4. kl. 13 Ketilsstígur – Sveifluháls – Vatnsskarð. Ekið að Lækjarvöllum, gengið um Ketilsstíg upp á Sveifluháls, síðan gengið norður eftir hálsinum að Vatnsskarði. Verð kr. 600. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Náttúruskoðunar– og söguferð

Náttúruverndarfélag Suðvesturlands fer náttúruskoðunar- og söguferð og hugar að umhverfismálum frá Reykjavík suður í Keflavík laugardaginn 27. ágúst undir leiðsögn fróðra manna. Farið verður frá Norræna húsinu kl. 8, frá Náttúrufræðistofnun Íslands kl. 9.10, frá Árbæjarsafni kl. 10, frá Sjóminjasafni Íslands, Hafnarfirði, kl. 11.30 og úr Vogavík kl. 14. Fólk hafi með sér nesti en Laufskálinn í Flugstöðinni býður upp á síðdegiskaffi. Allir eru velkomnir. Áætlað er að ferðinni ljúki um kl. 20. Fargjald verður 800 kr.

SÍBS og Samtök gegn astma og ofnæmi

fara í sína árlegu sumarferð sunnudaginn 28. ágúst. Lagt verður af stað kl. 11 frá Suðurgötu 10. Farið verður á Þingvelli. Grillveisla í Hrafnagjá. Upplýsingar á skrifstofunni, sími 22150.

Kársnesprestakall

Fyrirhuguð er dagsferð á vegum Kársnessóknar sunnudaginn 4. september nk. kl. 9.30. Farið verður um Borgarfjörð og Suður-Mýrar. Þátttaka tilkynnist í þessari viku milli kl. 17 og 20 hjá Stefaníu, s. 22131, Margréti, s. 41949, eða í viðtalstíma sóknarprests.

Tilkynningar

Heimshlaupið '88

Vegna heimshlaupsins '88, er haldið verður samtímis um heim allan þann 11. september nk., leitar Rauði kross Íslands að tveim verðugum fulltrúum íslenskrar æsku til að fara fyrir Íslands hönd til New York og vera viðstaddir upphaf hlaupsins. Stúlka og piltur verða valin úr umsækjendum. Einu skilyrðin, sem umsækjendur þurfa að uppfylla, eru að vera fædd 1974, tala góða ensku, hafa tekið þátt í félagsmálum og/eða listum og vera hress og tilbúin að koma fram í sjónvarpi. Ef þú veist um einhvern verðugan umsækjanda þá skaltu koma því á framfæri fyrir 26. ágúst með því að hringja í Rauða kross Íslands í síma 623170.

Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga frístundahópsins Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 27. ágúst. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10. Allir eru velkomnir í gönguna. Molakaffi á könnunni.

Sýningar á Light Night

Sýningar Ferðaleikhússins á Light Night eru í Tjarnarbíói við Tjörnina í Reykjavík. Sýningarkvöld eru fjögur í viku frá fimmtudegi til sunnudags. Allar sýningarnar hefjast kl. 21. Light Night sýningarnar eru sérstaklega færðar upp til skemmtunar og fróðleiks enskumælandi mönnum.

Fundir

Fundur Samtaka um sorg og sorgarviðbrögð

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð efna til opins fundar í kvöld, 26. ágúst, kl. 20.30 í Bústaðakirkju. Aðalefni fundarins er fyrirlestur dr. Colin Murray Parkes en hann er forseti CRUSE, sem eru bresk samtök um sorg og sorgarviðbrögð. Fyrirlestur dr. Parkes í Bústaðakirkju verður túlkaður og einnig fyrirspurnir og svör sem upp kunna að koma á fundinum. Aðgangseyrir er kr. 400 og er molakaffi innifalið. Fundurinn er opinn öllu áhugafólki.

Fyrirlestrar

Fyrirlestur um næringarfræði

Dr. med. Gerhard Schmidt, sérfræðingur í næringarfræði og antrópósófískum jurtalækningum, heldur fyrirlestur um næringarfræði í húsakynnum Yggdrasils að Smiðjuvegi 11, Kópavogi, laugardaginn 27. ágúst kl. 17. Fyrirlesturinn verður haldinn á ensku undir heitinu „The Reality of Human Nutrition."

ALLIR Á RÚNTINN
SPORTBÍLL OG SPÍTTBÁTUR